

Ætlar þú með hund að sjá gosið?



Lestu hér mikilvægar varúðarráðstafanir!

- 1. Ekki láta hunda drekka úr vatnspollum eða éta snjó á svæðinu!** Úrkomuvatnið er mikið mengað af alls kyns hættulegum gosefnum, m.a. flúrsýru og saltsýru. Hafið með drykkjarvatn og skál og bjóðið hundinum eftir þörfum að drekka úr skálinni.
- 2. Forðist að láta hunda sleikja feld eða þófa fyrr en skolað hefur verið af þeim með vatni eftir að komið er af gossvæðinu.** Best er að setja hundasokka á loppurnar. Saltsýra og mjög lágt sýrustig á yfirborði getur ert þófana, sem hundurinn vill þá sleikja og fær í sig efnin.
- 3. Hafið hundinn ávallt í taumi!** Gas getur leynst í lægðum. Lausir hundar geta hlaupið í lægðir þar sem er gas og jafnvel á hraunið. Lausir hundar geta líka valdið öðru fólki hættu og óþægindum á leiðinni með því að koma því úr jafnvægi eða velta á það grjóti.
- 4. Forðist að fara mjög nálægt hraunjaðrinum með hund!** Gas getur verið mikið niður við hraunjaðarinn. Hundurinn er töluvert lægri en við og getur fengið í sig mikið meira gas. Haldið ykkur ofarlega í brekkunni með vindinn í bakið.



Hundurinn treystir á þig!

